

Starfsemisupplýsingar LSH

Janúar - mars 2008

Í brennidepli:

Gjörgæsluálit (GÁT)



Fagmennska – Jafnræði – Virðing – Öryggi – Þekking

eru gildi Landspítala

Þjónusta við sjúklinga, menntun og þjálfun heilbrigðisstétta og rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda eru meginhlutverk háskólasjúkrahússins.

Klínísk starfsemi spítalans skiptist í svið sem veita fjölbreytta þjónustu á göngudeildum, dagdeildum, legudeildum, rannsóknardeildum og öðrum starfseiningum.

Önnur starfsemi sem einnig skiptist í svið og deildir á skrifstofum felst meðal annars í kennslu, vísindastarfi, fjármálastjórnun, rekstri, starfsmannamálum og byggingar- og tæknimálum.

Framkvæmdastjórn

Anna Stefánsdóttir settur forstjóri
og framkvæmdastjóri hjúkrunar

Björn Zöega settur forstjóri
og settur framkvæmdastjóri lækninga

Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga
Björn Jónsson settur framkvæmdastjóri tækni og eigna
Kristján Erlendsson framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar

Landspítali er með efnismikinn upplýsingavef á Netinu (www.landspitali.is)

Landspítali sími: 5431000

Upplýsingafulltrúi LSH sími: 5431122

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, SKRIFSTOFA FJÁRREIÐNA OG UPPLÝSINGA

Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir, netfang: elisabeg@landspitali.is

Ábyrgðarmaður: María Heimisdóttir, netfang: mariahei@landspitali.is

Efnisyfirlit

Sjónarhorn	2
Lykiltölur, <i>Starfsemi</i>	4
Lykiltölur, <i>Rekstur</i>	5
Í Brennidepli, <i>Gjörgæsluálit (GÁT)</i>	6
Starfsemistölur	8
Rekstrarupplýsingar, <i>Lyfjakostnaður</i>	22
Rekstrarupplýsingar, <i>Rekstrargjöld sviða</i>	23
Launaupplýsingar	24
Biðlistaupplýsingar	25
Helstu kennitölur sviða	28
Fimm ára tölfræðilegt yfirlit / Five years key statistics	30
Framlag ríkis til LSH 1999-2008	31

SJÓNARHORN: RAFRÆN SJÚKRASKRÁ Á LSH

Ekkert nútíma háskólasjúkrahús getur verið án öflugrar rafrænnar sjúkraskrár, sem er nauðsynlegt verkfæri þeirra sem sinna sjúklingum, þar sem hún gefur hraða og skýra yfirsýn yfir gang meðferðar og niðurstöður rannsókna. Að auki er rafræn sjúkraskrá uppspretta vísinda- og gæðarannsókna og því hagnýt til faglegra framfara og eflingar á öryggi sjúklinga. Uppbygging hennar ætti þess vegna að vera algert forgangsmál á LSH, en til þess þarf mannafla og talsvert fjármagn. Undanfarin ár hafa stjórnendur LSH lagt sérstaka áherslu á málefnið, enda er það ein meginforsenda áframhaldandi þróunar innan sjúkrahússins. Framkvæmdahraðinn ræðst að sjálfsgöðu af því fjármagni og mannafla sem unnt er að leggja í verkið.

Rafræn sjúkraskrá LSH er safn allra klínískra persónugreinanlegra gagna sem vistuð eru á rafrænu formi. Hún er í raun ekki eitt kerfi heldur nokkurs konar regnhlífarhugtak yfir allmörg sérhæfð kerfi (mynd 1). Hér er um að ræða svokallaða einingabyggða sjúkraskrá (e. modular electronic patient record), en þess má geta að flest erlend sjúkrahús sem talin eru í fararbroddi klínískrar upplýsingatækni hafa valið þessa leið.

Meginkostur þessarar nálgunar er að hún gerir sjúkrahúsinu kleift að velja mismunandi lausnir fyrir mismunandi einingar spítalans, allt eftir því hvað hentar best og þjóna þannig mismunandi þörfum ólíkra deilda, sérgreina og fagstétta. Sem dæmi má nefna að rannsóknarsvið og myndgreiningarsvið þurfa á mjög sérhæfum hugbúnaði að halda, en sjálf vinnsla rannsókna krefst mun umfangsmeiri búnaðar en hinn almenni notandi rafrænnar sjúkraskrár verður var

við. Hið sama má segja um skurðstofur, en þar er í notkun sérhæfður hugbúnaður til undirbúnings og skipulagningar skurðaðgerða. Annar kostur einingánálgunar er að bilanir eða endurnýjun búnaðar trufla aðeins þann hluta sem unnið er með hverju sinni. Þriðji kosturinn er að með þessari nálgun má dreifa kostnaði og áhættu meira en unnt er ef innleitt er eitt heildarkerfi. Á hinn bóginn er helsti ókosturinn að til að ná fullri virkni er nauðsynlegt að tengja einingarnar saman (þ.e. láta einstakar einingar "tala saman"). Slík samtenging eða samþætting er stórt og flókið verkefni sem krefst náinnar samvinnu klínískra starfsmanna og hugbúnaðarsérfræðinga.

Ókostir þess að innleiða eitt stórt kerfi þykja vega mun þyngra en kostirnir. Erfitt hefur reynst að þróa slík heildarkerfi með eðlilegum hætti í takt við þarfir sjúkrahúsa á hverjum tíma. Allmörg stór hugbúnaðarfyrirtæki hafa leitast við að bjóða slíkar lausnir en fæstum orðið verulega ágengt, líklega fyrst og fremst vegna þess hve flókið og síbreytilegt sjúkrahúsumhverfið er. Ekki bætir úr skák að bilanir í slíkum kerfum geta haft víðtækar og afdrifaríkar afleiðingar.

Helstu markmið með uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár eru að styðja við klíníska starfsemi, efla öryggi sjúklinga og nýta upplýsingatækni til kennslu, vísindarannsókna og gæðapróunar. Auk þess er þróun rafrænnar sjúkraskrár forsenda annars markmiðs LSH, sem er að verða "pappírslaut" sjúkrahús þar sem engin gögn eru vistuð til langframa á pappír.

Auk jákvæðra áhrifa á starfsemi LSH er ljóst að rafræn sjúkraskrá bætir heilbrigðisþjónustuna á landsvísu. Rafræn kerfi tryggja að upplýsingar um sjúkrasögu og meðferð sjúklinga flytjist milli heilbrigðisstofnana og auka þannig


öryggi meðferðar. Að auki dregur úr tvíverknaði og óhagræði svo sem óþarfa endurtekningu rannsókna. Af þessum ástæðum vinnur LSH, í náinni samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, að rafrænum tengingum við aðrar sjúkrahúsálfanir á landinu. Sem dæmi má nefna að nú er unnið að tengingu rafræna sjúkraskrárkerfa LSH og kragasjúkrahúsanna svokölluðu. Er það í framhaldi af ákvörðun heilbrigðisráðherra um flutning verkefna frá LSH til kragasjúkrahúsanna en slík tenging er einmitt ein meginforsenda þess að þessi verkefnaflutningur geti átt sér stað. Með tengingum af þessu tagi getur rafræna sjúkraskráin þjónað sjúklingi frá “vögg til grafar” óháð búsetu hans og hvar hann þiggur þjónustu á hverjum tíma. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því að nýlega gaf fastanefnd lækna hjá Evrópuráðinu (Comité Permanent des Médecins Européens, CPME) út yfirlýsingu um nauðsyn þess að tryggja slíka samfellu í rafrænni sjúkraskrá enda sé hún nauðsynleg forsenda öryggis og gæða í þjónustu.

Eins og fyrr getur er uppbygging rafrænnar sjúkraskrár mjög flókið og kostnaðarsamt viðfangsefni. Það fé sem lagt hefur verið í verkefnið undanfarin ár hefur verið tekið af almennu rekstrarfé spítalans. Auk þess margvíslega ávinnings sem rafræn sjúkraskrá hefur í för með sér og hér hefur verið lýst ber að hafa í huga að rafræn sjúkraskrá og þau gögn sem unnin eru úr henni eru grundvöllur kostnaðargreiningar, endurskoðunar verkferla og annarra verkefna er miðast að því að bæta verklag innan spítalans. Því er afar mikilvægt að fjárhagslegur grunnur verkefnisins verði tryggður svo herða megi á framkvæmdum.

Björn Zöega, settur framkvæmdastjóri lækninga og settur forstjóri.

María Heimisdóttir, formaður nefndar um rafræna sjúkraskrá og sviðstjóri hag- og upplýsingasviðs.

Mynd 1. Nokkur helstu klínísk hugbúnaðarkerfi á LSH sem falla undir regnhlífarhugtak rafrænnar sjúkraskrár.



Starfsemi LSH

	2008	2007	Breyting milli ára	Hlutfallsleg breyting
Klínísk þjónusta¹⁾				
Fjöldi einstaklinga ²⁾ sem leituðu til LSH	43.885	43.389	496	1,1%
Fjöldi koma á göngudeildir ³⁾	86.929	84.410	2.519	3,0%
Fjöldi koma á dagdeildir ³⁾	22.119	24.006	-1.887	-7,9%
Fjöldi koma á slysa- og bráðadeildir	22.382	23.000	-618	-2,7%
Fjöldi sjúkráðstengdra heimavítjana	3.880	3.318	562	16,9%
Fjöldi lega	7.517	7.909	-392	-5,0%
Fjöldi legudaga sjúklinga á legudeildum	60.323	63.519	-3.196	-5,0%
Meðallengd sjúkráðstengdum	8,0	8,0	0,0	0,0%
Þar af á kvenna-, barna-, skurð- og lyflækningasviðum	5,2	5,3	-0,1	-0,4%
Meðalhjúkrunarþyngd (bráðleiki) sjúklinga	1,20	1,19	0,01	0,9%
Fjöldi fæðinga	805	729	76	10,4%
Skurðaðgerðir	3.849	3.994	-145	-3,6%
Myndgreiningarrannsóknir	31.878	32.057	-179	-0,6%
Lyfjakostnaður vegna S-merktra lyfja (fjárhæðir í þús.kr.) ⁴⁾	615.828	556.328	59.500	10,7%
Starfsmenn				
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda (ársverka) ⁵⁾	3.765	3.764	1	0,0%

¹⁾ Starfsemistölur eru ekki að fullu sambærilegar milli ára vegna fjölda frídaga í mars 2008

²⁾ Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann, en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni.

³⁾ Eingöngu taldar komur sjúklinga sem ekki liggja á LSH.

⁴⁾ S-merkt lyf eru lyf eingöngu til sjúkráðsnota, kostnaður birtur hér á innkaupsverði.

⁵⁾ Stöðugildi starfsmanna án barnsbúðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa.

Rekstur LSH - Bráðabirgðastaða

	Rekstrarstaða	Áætlun tímabils	Hlutfall umfram áætlun	Áætlun ársins
Tekjur				
Rekstrarframlag ríkisins	8.140,4	8.140,4		33.111,0
Sértekjur ¹⁾	751,8	677,4	11,0%	2.624,3
Tekjur alls	8.892,2	8.817,8		35.735,3
Gjöld				
Launagjöld	6.099,4	5.971,9	2,1%	24.611,3
Rekstrarkostnaður ¹⁾	2.133,0	2.087,5	2,2%	8.177,5
S-merkt lyf	608,8	580,4	4,9%	2.322,5
Fjármagnsliðir og gengismunur	25,5	20,0	27,5%	80,0
Samtals	8.866,7	8.659,8		35.191,3
Viðhald, tækjabúnaður og stofnkostnaður	176,9	157,9	12,0%	544,0
Gjöld alls	9.043,5	8.817,8		35.735,3
Útgjöld umfram sértekjur og fjárheimildir	151,4	0,0	1,7%	0,0

Fjárhæðir í millj. kr

¹⁾ Innri viðskipti á LSH eru ekki meðtalin í rekstrargjöldum og sértekjum

Í BRENNIDEPLI: GJÖRGÆSLUÁLIT (GÁT)

Mat og inngríp gjörgæsluteymis án tafar

Árið 2006 hlaut starfsfólk gjörgæsludeildar við Hringbraut styrk frá gæðadeild til prófunar á þjónustu sem nú er nefnd “Gjörgæsluálit”, skammstafað GÁT. Þetta er starfsemi sem hefur það að markmiði að efla öryggi sjúklinga með því að starfsfólk legudeilda geti leitað eftir tafarlausri ráðgjöf og stuðningi frá teymi gjörgæslulæknis og hjúkrunarfræðings vegna mikið veikra sjúklinga.

GÁT – hugmyndafræði

Þörf fyrir gjörgæslu fer vaxandi bæði hérlendis og erlendis, hún skýrist af vaxandi íbúafjölda, hækkandi meðalaldri og því að með aukinni þekkingu og tækni eykst geta til meðferðar, auk þess sem kröfur um meðferð og þjónustu aukast. Gjörgæsla er dýr, fjöldi plássu takmarkaður og því nauðsynlegt að nýta gjörgæsludeildir sem best. Haft er að leiðarljósi að sjúklingurinn fái meðferð við hæfi og á réttum tíma. Áður var haft í flimtingum að “intensive care units give too much too late to too few” og var þar gefið í skyn að sjúklingar væru stundum lagðir of seint inn á gjörgæsludeildir og að þá þurfi meiri meðferð en ella hefði orðið. Því hefur verið spurt hvort hægt sé að grípa fyrr inn við mikil veikindi og að komast af með minna fyrir fleiri og jafnvel að bæta horfur sjúklingsins. Það er skemmst frá því að segja að fjöldi nýlegra rannsókna styður að svo sé. Þá hefur vaxandi bráðleiki (patient acuity) sjúklinga á legudeildum og áhersla á aukið öryggi sjúklinga einnig ýtt undir þróun á starfsemi gjörgæsluteyma.

GÁT – víða um heim

Erlendis hafa gjörgæsluteymi verið í þróun síðustu 15 árin og var upphafsmaður þessarar hugmyndafræði Kenneth Hillman í Ástralíu en hann lagði áherslu á að gjörgæsla væri starfsemi fremur en afmörkuð deild og talaði um “intensive care without walls”. Slík starfsemi er að ryðja sér til rúms á flestum stærri spítölum og er blæbrigðamunur á hvernig teymin eru samsett, en sammerkt er að hvaða heilbrigðisstarfsmáður sem er getur kallað teymið til ef ákveðin skilmerki, sem þó eru afar sveigjanleg, eru uppfyllt (sjá síðar). Í Bandaríkjunum er starfsemi slíkra teyma álitin lykilatriði til að fækka alvarlegum atvikum og þar með auka öryggi sjúklinga. Mismunandi heiti starfseminnar eftir löndum eru t.d. “medical emergency team” (Ástralía), “critical care outreach” (Bretland), “rapid response team” (Bandaríkin) og “mobila intensivvårdsgupper (Svíþjóð).

GÁT – gæðaverkefni á LSH

Eins og fyrr segir var veittur styrkur til að undirbúa og prófa slíka starfsemi á LSH. Á meðan á undirbúningi stóð vann Þorsteinn Jónsson hjúkrunarfræðingur meistaraverkefni sem tengdist þessu viðfangsefni og bar heitið “Ástand og vöktun sjúklinga fyrir óvænta innlögn á gjörgæsludeild. Undirbúningur fyrir innleiðslu gjörgæsluteymis”. Niðurstöður hans nýttust vel við undirbúning og þróun GÁT og styrkti stýrihópin í þeirri skoðun að slík starfsemi yrði sjúklingum til hagsbóta. Í byrjun fór fram töluverð undirbúningsvinna sem fólst í kynningu innan gjörgæsludeildarinnar sjálfar, ákvörðun hlutverka í teyminu og

þróun skráningarblaðs. Mestan tíma tók þó að kynna hugmyndafræðina og fyrirhugaða starfsemi á legudeildum. Til þátttöku yfir 6 mánaða reynslutímabil á árinu 2007 voru valdar blóðlækningadeild 11-G, skurðdeildirnar 12-G og 13-G og hjartadeild 14-G, en þær voru með flestar óvæntar innlagnir á gjörgæslu í fyrrnefndri meistararannsókn.

GÁT – áhersla á samvinnu og teymishugsun

Verkaskipting teymisins er þannig að gjörgæsluhjúkrunarfræðingur sér um síma teymisins, tekur við álitstærðum og sér til að þeim sé sinnt innan 10 mínútna, tekur lífsmörk sjúklings, skráir, tekur þátt í meðferð og veitir ráð og aðstoð varðandi hjúkrun. Gjörgæslulæknir kynnir sér sögu, skoðun og meðferð sjúklings og metur þannig þörf fyrir gjörgæslu ásamt því að gefa ráð um frekari meðferð og eftirlif ef ekki er talin þörf á gjörgæsluvistun. Lögd er áhersla á að gjörgæsluteymið vinni með lækni og hjúkrunarfræðingi legudeilda. Hugsanlegur ávinningur af starfseminni er auk þess sem áður er nefnt, að stuðla að: bættri þekkingu á vöktun og meðferð mikið veikra sjúklinga, bættri skráningu, bættri samvinnu og auknum skilningi milli starfsfólks legudeilda og gjörgæslu. Auk þess kynnist starfsfólk gjörgæslu legudeildum betur sem getur bætt mat á því hvenær sjúklingar geti útskrifast þangað af gjörgæslu. Vísbendingar erlendis frá eru um að starfsemi sambærilegra teyma geti stuðlað að því að ákvarðanir um takmarkanir á meðferð séu teknar fyrr. Til að létta starfsfólki legudeilda vöktun og mat var innleitt matsblaðið “stigun bráðveikra sjúklinga”, þar sem stuðst var við breska fyrirmynd. Slíkt leiðir að mati stýrihóps til heildrænni vöktunar sjúklingsins (tafla 1).

GÁT– fyrstu mánuðirnir

Að meðaltali voru um 11 útköll á mánuði fyrstu 8 mánuðina (tafla 2). Útköll leiddu til innlagnar 55% sjúklinga á gjörgæsludeild en í öðrum tilvikum var meðferð haldið áfram á legudeild. Viðbragðstími teymisins var innan 5 mínútna í helmingi tilvika (markmiðið er innan 10 mínútna) og viðvera þess á deild oftast um 20 mínútur (8-85 mínútur). Ástæður útkalls voru oftast tengdar breytingum á lífsmörkum sjúklings en oft þó óskilgreindar áhyggjur starfsfólks af ástandi sjúklingsins (mynd 1), rannsóknir hafa sýnt að slíkt ber að taka alvarlega. Flest útköll voru á fyrri hluta morgunvaktar (mynd 2). Ætlun stýrihóps GÁT er að reyna að meta hvort starfsemin leiði til fækkunar hjartastoppa og óvæntra gjörgæsluinnlagna en þá þarf að sjálfsögðu lengra tímabil til skoðunar. Viðhorf starfsfólks legudeilda til starfseminnar var á reynslutímanum kannað með spurningalista og reyndist það afar jákvætt.

Eins og fyrr greinir var ætlunin að prófa starfsemina í 6 mánuði en vegna hvatningar starfsfólks legudeilda og síðan framkvæmdastjóra hjúkrunar- og lækninga var ákveðið að halda áfram og bjóða GÁT á öllum deildum LSH að frátöldum geðdeild og barnadeild. Reynsla erlendis frá sýnir að búast má við tæplega einu útkalli á dag á öllum LSH þegar starfsemin hefur fest sig í sessi, að útköll dreifist jafnar yfir sólarhringinn og að um 70% hljóti afgreiðslu á deildinni en 30% leiði til innlagnar á gjörgæslu. Þann 1. febrúar 2008 var starfsemin boðin öðrum deildum við Hringbraut og þann 1. apríl 2008 hófst innleiðing starfseminnar í Fossvogi.

Eftirgæsla – að lokinni gjörgæslu

Jafnframt hefur verið komið á laggirnar svokallaðri "eftirgæslu", en þar lítur starfsfólk gjörgæsludeildar til með vissum sjúklingum eftir að þeir hafa útskrifast á legudeild. Þessi þjónusta snýr fyrst og fremst að ráðgjöf og aðstoð við hjúkrun, til dæmis aðstoð við sogun og ytri öndunarvélar en lækna koma að málum eftir þörfum. Eftirgæsla þykir hafa gefið góða raun erlendis og vísbendinar eru um að slíkt geti minnkað þörf fyrir endurinnlagnir á gjörgæsludeild auk þess að stuðla að aukinni samvinnu og teymishugsun.

Ef nánari upplýsinga eða fræðslufunda um GÁT er óskað þá vinsamlega hafið samband við aðra hvora undirritaðra.

Fyrir hönd stýrihóps GÁT,
Alma D. Möller yfirlæknir og
Lovísa Baldursdóttir klínískur sérfræðingur í hjúkrun

Tafla 1 Stigun bráðveikra sjúklinga og skilmerki fyrir álitsbeiðni


Stig	3	2	1	0	1	2	3
Öndun/mín		<9		14	15-20	21-29	≥ 30
Púls/mín		<40	41-50	51-100	101-110	111-129	≥130
Syst BP	<70	71-80	81-100	101-199		≥200	
Hiti °C		<35	35.1-36	36.1-38	38.1-38.5	>38.5	
Meðvitund			Rugl	Eðlileg	Bregst v. kalli	Bregst v. sársauka	Bregst ekki v. áreiti
Þvag/klst	0	<20	<35		Mikið þvag		

- Við hjarta- eða öndunarstopp hringið á endurlífgunarteymi, sími 999.
- Álit gjörgæsluteymis ef:
 - Stig samtals ≥ 4
 - Ef súrefnismettun fellur skyndilega niður fyrir 90% þrátt fyrir súrefnisgjöf.
 - Ef það er eitthvað „hugboð“ sem veldur áhyggjum varðandi ástand sjúklingsins


Tafla 2 GÁT fyrstu 8 mánuðina

Fjöldi útkalla	81 (51 sjúklingur)
Innlagðir á gjörgæslu	28 (55%)
Meðalaldur	66 ár
Viðbragðstími < 10 mín	100% (< 5mínútur 47%)
Viðvera teymis á deild	20 mín (8-85 mín)
Útkall vegna breytinga á lífsmörkum	64%
Útkall vegna óskilgreindra áhyggna	36%

Mynd 1 Fjöldi útkalla eftir ástæðu, mars-ágúst 2007



Mynd 2 Hlutfallsleg skipting útkalla eftir vöktum, mars-ágúst 2007



Göngudeildarkomur

	Fjöldi koma ¹⁾		Breyting milli ára	Komur innliggjandi sjúklinga 2008
	2008	2007		
Göngudeild Barnaspítala	3.350	3.154	6,2%	113
Barnasvið samtals	3.350	3.154	6,2%	113
Móttaka kvenna ²⁾	1.948	1.913	1,8%	290
Fósturgreiningardeild	2.605	2.482	5,0%	69
Mæðravernd	1.189	1.095	8,6%	43
Brjóstgafarádögjóf	211	173	22,0%	5
Önnur göngudeildarþjónusta kvennasviðs	395	459	-13,9%	105
Kvennasvið samtals	6.348	6.122	3,7%	512
Göngudeild Hringbraut	5.253	5.340	-1,6%	-
Göngudeild Kleppi	2.821	3.065	-8,0%	-
Fíkni- og fjölkvilladeild	2.021	1.611	25,5%	-
Göngudeild Hvítabandi	580	948	-38,8%	12
Göngudeild átröskunar (31-C)	452	407	11,1%	-
Barna- og unglíngageðdeild	1.924	2.191	-12,2%	128
Geðsvið samtals	13.051	13.562	-3,8%	140
Almenn göngudeild lyflækninga ³⁾	858	1.325	-	25
Hjartasjúkdómar, alls ³⁾ , þar af:	4.121	3.558	-	3.079
<i>hjartalækningar</i>	636	221	-	29
<i>hjartabilun</i>	74	103	-	2
<i>kransæðasjúkdómar</i>	80	56	-	-
<i>hjartarannsóknarstofa</i>	3.331	3.178	4,8%	3.077
<i>innskriptarmiðstöð (10E)</i>	69	3	-	210
Gigtarsjúkdómar	1.276	691	84,7%	23
Ofnæmissjúkdómar	1.095	1.081	1,3%	121
Lungnasjúkdómar	966	1.097	-11,9%	101
Svefnrannsóknir	1.218	1.256	-3,0%	-
Annað göngudeild A-3	449	456	-1,5%	19
Innkirtlasjúkdómar, alls, þar af:	2.077	2.176	-4,5%	28
<i>sykursýki</i>	1.398	1.335	4,7%	25
<i>aðrir innkirtlasjd.</i>	179	196	-8,7%	3
<i>beinþéttimælingar</i>	500	645	-22,5%	22
Meltingarsjúkdómar (10E) ³⁾	63	-	-	2
Speglanir	828	837	-1,1%	471
Nýrnasjúkdómar	406	246	65,0%	2
Smitsjúkdómar	392	408	-3,9%	2
Taugasjúkdómar	856	895	-4,4%	135
Húðsjúkdómar	4.934	5.290	-6,7%	314
Kynsjúkdómar	2.235	2.180	2,5%	-
Lyflækningasvið I samtals	21.843	21.499	1,6%	4.583

¹⁾ Eingöngu komur sjúklinga sem ekki liggja á LSH.

²⁾ Þar með taldar bráðakomur á kvensjúkdómadeild utan dagvinnutíma, þegar móttaka kvenna er lokuð.

³⁾ Komur vegna hjarta- og meltingarsjúkdóma áður taldar með almennri göngudeild lyflækninga, en eru nú birtar sér.

⁴⁾ Tölur um fjölda koma ekki aðgengilegar.

⁵⁾ Komur voru vantaldir árið 2007 og fyrr, leiðrétt hér fyrir því. Með nýju upplýsingakerfi fást upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem koma í blóðtökur, áður voru eingöngu skráðar komur þeirra sem greiddu fyrir blóðtökuna.

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma ¹⁾		Breyting milli ára	Komur innliggjandi sjúklinga 2008
	2008	2007		
Blóð- og krabbameinslækningar	2.299	2.141	7,4%	53
Geislæðlisfræði, undirbúningur ⁴⁾	-	-	-	-
Geislameðferð	2.769	2.956	-6,3%	-
Lyflækningasvið II samtals	5.068	5.097	-0,6%	53
Almenn göngudeild (G-3 og 10E)	1.036	1.039	-0,3%	23
Innskriptarmiðstöðvar aðgerða alls, þar af:	981	809	21,3%	325
<i>HNE</i>	136	-	-	3
<i>Lýtalækningar</i>	55	49	12,2%	4
<i>Æðaskurðlækningar</i>	58	73	-20,5%	22
<i>Bæklunarlækningar</i>	200	150	33,3%	78
<i>Heila- og taugaskurðlækningar</i>	115	151	-23,8%	12
<i>Annað</i>	417	386	8,0%	206
Bæklunarskurðlækningar (G-3)	2.744	2.645	3,7%	44
Heila- og taugaskurðlækningar (G-3)	521	476	9,5%	1
Háls-, nef- og eyrnalækningar (B-3)	2.490	2.658	-6,3%	293
Hjarta- og lungnaskurðlækningar (12E)	6	40	-	-
Augnlækningar	2.231	1.856	20,2%	152
Þvagfæraskurðlækningar	1.198	1.082	10,7%	115
Skurðlækningasvið samtals	11.207	10.605	5,7%	1.278
Endurkomur, bráðalækningar (G-3)	1.516	1.325	14,4%	74
Slysa- og bráðasvið samtals	1.516	1.325	14,4%	74
Verkjamiðstöð	8	7	-	-
Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðst.svið samtals	8	7	-	0
Göngudeildarmeðferðir sjúkra- og iðjubjálfunar	5.154	5.461	-5,6%	-
Læknar, sálfræðingar og talmeinafræðingar	233	139	67,6%	-
Endurhæfingarsvið samtals	5.387	5.600	-3,8%	0
Almenn móttaka	209	265	-21,1%	2
Minnismóttaka	401	381	5,2%	-
Brota- og beinverndarmóttaka	26	20	30,0%	-
Öldrunarsvið samtals	636	666	-4,5%	2
Heilsuvernd starfsmanna samtals	412	285	44,6%	0
Blóðtökur á rannsóknasviði samtals⁵⁾	18.103	16.488	9,8%	-
Göngudeildir alls	86.929	84.410	3,0%	6.755

Dagdeildarkomur

(Gögn úr Legu / Sögu)

	Fjöldi koma		2008-2007	Breyting milli ára
	2008	2007		
Barnalækningar				
Hringbraut	439	547	-108	-
Fossvogi	282	142	140	-
Nýburalækningar	138	123	15	12,2%
Barnasvið samtals¹⁾	859	812	47	5,8%
Kvenlækningar	499	518	-19	-3,7%
Meðganga og sængurlega ²⁾	1.174	1.111	63	5,7%
Kvennasvið samtals	1.673	1.629	44	2,7%
Almennar geðlækningar	3.559	5.069	-1.510	-29,8%
Geðlækningar, endurhæfing	6.427	7.247	-820	-11,3%
Fíknimeðferð (meðferð vimefnasjúkl.)	1.736	1.283	453	35,3%
Geðsvið samtals	11.722	13.599	-1.877	-13,8%
Gigtlækningar	528	727	-199	-27,4%
Nýrnalækningar (sjá nánar Skilun á bls.16)	1.897	1.648	249	15,1%
Taugalækningar	420	583	-163	-28,0%
Hjartalækningar	244	17	227	-
Meltingarlækningar ³⁾	0	201	-201	-
Efnaskipta- og innkirtlalækningar ³⁾	0	150	-150	-
Lungnalækningar ³⁾	21	348	-327	-
Smitsjúkdómar ³⁾	3	95	-92	-
Lyflækningasvið I samtals³⁾	3.113	2.958	155	5,2%
Blóð- og krabbameinslækningar	2.473	2.328	145	6,2%
Lyflækningasvið II samtals	2.473	2.328	145	6,2%
Almennar skurðlækningar	215	225	-10	-4,4%
Bæklunarskurðlækningar	25	66	-41	-62,1%
Háls-, nef- og eyrnalækningar	45	96	-51	-53,1%
Þvagfæraskurðlækningar	87	58	29	50,0%
Skurðlækningasvið samtals¹⁾	372	445	-73	-16,4%
Endurhæfingarlækningar	792	774	18	2,3%
Endurhæfingarsvið samtals	792	774	18	2,3%
Öldrunarlækningar	1.115	1.461	-346	-23,7%
Öldrunarsvið samtals	1.115	1.461	-346	-23,7%
Dagdeildir alls	22.119	24.006	-1.887	-7,9%

¹⁾ Börn sem liggja á barnadeildum, en voru skráð á aðrar sérgreinar en barnalækningar eru meðtalin í tölum þeirra sérgreina.

²⁾ Ekki er lengur tiltekinn fjöldi feðra sem gistu í Hreiðri


³⁾ Fækkun á komum er m.a. vegna breytinga á deild A-2 og stofnun skammverueningar á slysa- og bráðadeild í Fossvogi.

Starfsemistölur – Slysa- og bráðadeildir

Slysa- og bráðaðþjónusta

(Gögn úr Sögu)

	Fjöldi koma		Breyting milli ára		Meðalfjöldi koma/dag		Fjöldi innlagna		Breyting milli ára	Hlutfall innlagna		Breyting milli ára
	2008	2007	Fjöldi	Hlutfall	2008	2007	2008	2007		2008	2007	
Bráðamóttaka Barnaspítala Hringins	3.322	3.553	-231	-6,5%	36,9	39,5	269	332	-63	8,1%	9,3%	-13,3%
Bráðaðþjónusta geðdeilda	1.267	1.912	-645	-33,7%	14,1	21,2	218	235	-17	17,2%	12,3%	40,0%
Bráðamóttaka Hringbraut, þar af:	3.105	3.062	43	1,4%	34,5	34,0	1.062	1.078	-16	34,2%	35,2%	-2,8%
nýkomur	3.044	3.010	34	1,1%	33,8	33,4	-	-	-	-	-	-
endurkomur	61	52	9	17,3%	0,7	0,6	-	-	-	-	-	-
Slysa- og bráðadeild í Fossvogi (G-2), þar af:	14.688	14.473	215	1,5%	163,2	160,8	1.312	1.454	-142	8,9%	10,0%	-11,1%
nýkomur	13.614	13.078	536	4,1%	151,3	145,3	-	-	-	-	-	-
endurkomur	1.074	1.395	-321	-23,0%	11,9	15,5	-	-	-	-	-	-
komur á bráðavakt	3.627	3.546	81	2,3%	40,3	39,4	1.024	1.164	-140	28,2%	32,8%	-14,0%
komur á slysavakt (gönguvakt)	11.043	10.851	192	1,8%	122,7	120,6	288	290	-2	2,6%	2,7%	-2,4%
Alls	22.382	23.000	-618	-2,7%	248,7	255,6	2.861	3.099	-238	12,8%	13,5%	-5,1%



Sjúkrahústengdar heimavitjanir

(Gögn frá starfseiningum)

	Fjöldi		Breyting milli ára
	2008	2007	
Sjúkrahústengd heimaþjónusta			
Fjöldi sjúklinga	237	237	0,0%
Vitjanir	1.993	2.342	-14,9%
Helstu meðferðir ¹⁾ :			
Lyfjagjafir	1.564	1.245	25,6%
Sáraskiptingar og -meðferðir	412	232	77,6%
Blóðrannsóknir	122	-	-
Eftirlit	87	-	-
Fræðsla og ráðgjöf	90	-	-
Annað	21	-	-
Heimahlýning			
Skipulagðar heimavitjanir	1.117	842	32,7%
Bráðavitjanir	134	134	0,0%
Vitjanir	1.251	976	28,2%
Samtals vitjanir lyflækningasviði II	3.244	3.318	-2,2%
Sérhæfð heimaþjónusta veikra aldraðra^{2) 3) 4)}			
Fjöldi sjúklinga	42	-	-
Vitjanir	145	-	-
Samtals vitjanir öldrunarsviði	145	-	-
Vettvangshjúkrun Geðsviðs^{2) 4)}			
Fjöldi sjúklinga	41	-	-
Vitjanir	420	-	-
Vettvangsteymi BUGL²⁾			
Fjöldi sjúklinga	37	-	-
Vitjanir	71	-	-
Samtals vitjanir geðsviði	491	-	-
Vitjanir alls	3.880	3.318	16,9%

¹⁾ Meðferðaflokkun breytt milli ára og er því ekki alveg sambærileg.

²⁾ Þetta er ný þjónusta á LSH og því ekki til tölur fyrir allt árið 2007.

³⁾ Sjúkrahústengd heimaþjónusta veikra aldraðra er samstarfsverkefni LSH og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en hér eru einungis birtar tölur þess hluta sem LSH sinnir.

⁴⁾ Hér eru einungis talðar vitjanir, en einnig er veitt ráðgjöf, viðtöl og stuðningur símleiðis.

Starfsemistölur – Legur eftir sérgreinum

Barnasvið

(Gögn úr Legu)

	Legur		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga			Breyting milli ára	Meðallegutími		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2008-2007		2008	2007	
Almennar barnalækningar	285	302	-5,6%	1.362	1.376	-14	-1,0%	4,8	4,6	4,9%
Barnaskurðlækningar	124	151	-17,9%	376	491	-115	-23,4%	3,0	3,3	-6,7%
Almennar skurðlækningar - börn	0	3	-	0	8	-8	-	-	-	-
Nýburalækningar	152	132	15,2%	1.184	1.372	-188	-13,7%	7,8	10,4	-25,1%
Aðrir þjónustuflokkar fyrir börn:										
Augnlækningar - börn	6	5	-	10	9	1	-	1,7	1,8	-
Brjósthollsskurðlækningar - börn	1	1	-	10	11	-1	-	10,0	11,0	-
Bæklunarskurðlækningar - börn	41	47	-	64	52	12	-	1,6	1,1	-
Háls-, nef- og eyrnalækningar - börn	28	22	-	31	32	-1	-	1,1	1,5	-
Heila- og taugaskurðlækningar - börn	5	10	-	11	22	-11	-	2,2	2,2	-
Lýtalækningar - börn	18	15	-	147	47	100	-	8,2	3,1	-
Samtals	660	688	-4,1%	3.195	3.420	-225	-6,6%	4,8	5,0	-2,6%

Kvennasvið

Kvenlækningar	204	223	-8,5%	547	687	-140	-20,4%	2,7	3,1	-13,0%
Meðganga og sængurlega	1.020	978	4,3%	2.297	2.562	-265	-10,3%	2,3	2,6	-14,0%
Almennar skurðlækningar kvenna	271	310	-12,6%	710	927	-217	-23,4%	2,6	3,0	-12,4%
Samtals	1.495	1.511	-1,1%	3.554	4.176	-622	-14,9%	2,4	2,8	-14,0%

Geðsvið

Almennar geðlækningar	388	376	3,2%	4.223	4.568	-345	-7,6%	10,9	12,1	-10,4%
Barna- og unglíngageðlækningar	49	55	-10,9%	1.128	1.378	-250	-18,1%	23,0	25,1	-8,1%
Fíknimeðferð (meðferð vímuefnasjúklinga)	125	120	4,2%	1.243	1.274	-31	-2,4%	9,9	10,6	-6,3%
Geðlækningar, endurhæfing	139	154	-9,7%	7.193	7.018	175	2,5%	51,7	45,6	13,6%
Samtals	701	705	-0,6%	13.787	14.238	-451	-3,2%	19,7	20,2	-2,6%

Lyflækningasvið I

Almennar lyflækningar	56	31	80,6%	428	308	120	39,0%	7,6	9,9	-23,1%
Efnaskipta- og innkirtlalækningar	96	87	10,3%	837	721	116	16,1%	8,7	8,3	5,2%
Gigtlækningar	106	111	-4,5%	1.121	1.015	106	10,4%	10,6	9,1	15,7%
Hjartalækningar	635	801	-20,7%	3.260	3.669	-409	-11,1%	5,1	4,6	12,1%
Húð- og kynsjúkdómalækningar	61	82	-25,6%	308	762	-454	-59,6%	5,0	9,3	-45,7%
Lungnalækningar	263	338	-22,2%	1.952	2.062	-110	-5,3%	7,4	6,1	21,7%
Meltingarlækningar	196	181	8,3%	1.326	1.052	274	26,0%	6,8	5,8	16,4%
Nýrnalækningar	86	101	-14,9%	775	839	-64	-7,6%	9,0	8,3	8,5%
Smitsjúkdómar	105	111	-5,4%	1.108	1.259	-151	-12,0%	10,6	11,3	-7,0%
Taugalækningar	210	181	16,0%	2.006	1.850	156	8,4%	9,6	10,2	-6,5%
Samtals	1.814	2.024	-10,4%	13.121	13.537	-416	-3,1%	7,2	6,7	8,1%

Lyflækningasvið II

	Legur		Breyting milli ára	Fjöldi legudaga			Breyting milli ára	Meðallegutími		Breyting milli ára
	2008	2007		2008	2007	2008-2007		2008	2007	
	(Gögn úr Legu)									
Blóðlækningar	146	147	-0,7%	1.220	1.257	-37	-2,9%	8,4	8,6	-2,3%
Krabbameinslækningar	169	184	-8,2%	1.136	1.365	-229	-16,8%	6,7	7,4	-9,4%
Líknandi meðferð	45	36	25,0%	763	696	67	9,6%	17,0	19,3	-12,3%
Samtals	360	367	-1,9%	3.119	3.318	-199	-6,0%	8,7	9,0	-4,2%

Skurðlækningasvið

Almennar skurðlækningar	341	417	-18,2%	1.936	2.347	-411	-17,5%	5,7	5,6	0,9%
Augnlækningar	92	78	17,9%	218	278	-60	-21,6%	2,4	3,6	-33,5%
Brjóstholsskurðlækningar	146	133	9,8%	1.404	1.363	41	3,0%	9,6	10,2	-6,2%
Bæklunarskurðlækningar	537	460	16,7%	2.979	2.805	174	6,2%	5,5	6,1	-9,0%
Háls-, nef- og eyrnalækningar	205	218	-6,0%	385	532	-147	-27,6%	1,9	2,4	-23,0%
Heila- og taugaskurðlækningar	189	244	-22,5%	704	789	-85	-10,8%	3,7	3,2	15,2%
Lýtalækningar	75	74	1,4%	491	650	-159	-24,5%	6,5	8,8	-25,5%
Tannlækningar	28	24	16,7%	132	42	90	-	4,7	1,8	-
Þvagfæraskurðlækningar	257	345	-25,5%	1.342	1.368	-26	-1,9%	5,2	4,0	31,7%
Æðaskurðlækningar	150	174	-13,8%	648	881	-233	-26,4%	4,3	5,1	-14,7%
Samtals	2.020	2.167	-6,8%	10.239	11.055	-816	-7,4%	5,1	5,1	0,0%

Endurhæfingarsvið

Endurhæfingarlækningar	127	114	11,4%	2.805	2.870	-65	-2,3%	22,1	25,2	-12,3%
Hæfingarlækningar	17	21	-19,0%	1.309	1.526	-217	-14,2%	77,0	72,7	6,0%
Samtals	144	135	6,7%	4.114	4.396	-282	-6,4%	28,6	32,6	-12,3%

Öldrunarsvið

Öldrunarlækningar	323	312	3,5%	9.194	9.379	-185	-2,0%	28,5	30,1	-5,3%
Samtals	323	312	3,5%	9.194	9.379	-185	-2,0%	28,5	30,1	-5,3%

Legur á kvenna-, barna-, skurð- og lyflækningasviðum samtals	6.349	6.757	-6,0%	33.228	35.506	-2.278	-6,4%	5,2	5,3	-0,4%
---	--------------	--------------	--------------	---------------	---------------	---------------	--------------	------------	------------	--------------

Legur á öllum sviðum samtals	7.517	7.909	-5,0%	60.323	63.519	-3.196	-5,0%	8,0	8,0	0,0%
-------------------------------------	--------------	--------------	--------------	---------------	---------------	---------------	--------------	------------	------------	-------------

Starfsemistölur – DRG Flokkar

Algengustu DRG flokkar ¹⁾ á legudeildum LSH janúar - mars 2008

(Gögn úr legudeildarkerfinu Legu og upplýsingakerfinu Framtaki)

DRG heiti	Vefrænir flokkar	Fjöldi	Meðalaldur	Meðalfjöldi legudaga	Bráðleiki ²⁾	Verð skv. verðskrá ³⁾
373	Fæðing um leggöng án aukakvilla	436	29	1,6	1,11	171.248
372	Fæðing um leggöng með aukakvillum	162	30	2,6	1,12	305.124
215C	Aðrar aðgerðir á baki og hálsi án aukakvilla	117	51	2,0	1,10	291.405
371	Keisaraskurður án aukakvilla	97	31	3,9	1,16	483.467
467	Aðrir þættir sem áhrif hafa á heilbrigðisástand	80	38	6,1	1,06	158.475
209A	Liðskiptaaðgerðir á neðri útlím, fyrsta aðgerð	74	69	8,3	1,18	901.179
012	Hrómnunarraskanir í taugakerfi	61	79	62,2	1,21	632.481
087	Lungnabjúgur og öndunarfarabilun	60	71	11,2	1,36	638.158
494	Gallblöðrunám um kviðarholsspeglun með könnun gallrásar, án aukakvilla	59	56	2,0	1,00	452.718
112C	Kransæðavíkkun gegnum húð án hjartadreps án aukakvilla	58	63	1,8	1,17	376.083
183	Vélindisbólga, raskanir í maga og görnum og ýmsar meltingarraskanir án aukakvilla, 18 ára og eldri	58	59	3,3	0,98	245.991
359	Aðgerðir á legi og viðhengjum legs, vegna sjúkdóms sem ekki er illkynja, án aukakvilla	54	49	2,2	1,09	397.843
219	Aðgerðir á neðri útlím og á upparmslegg, nema mjöðm, fótur, lærleggur, án aukakvilla, 18 ára og eldri	51	52	3,8	1,04	420.550
127	Hjartabilun og lost	49	81	17,0	1,22	550.642
089	Einföld lungna- og brjósthimnubólga með aukakvillum, 18 ára og eldri	47	73	11,9	1,29	611.194
125	Blóðrásarraskanir, nema brátt hjartadrep, með hjartalegg án flókinna greiningar	47	64	4,2	1,10	263.494
167	Botnlangaskurður án margslunginnar megingreiningar eða aukakvilla	47	29	2,0	1,00	376.083
014B	Heilablóðfall án aukakvilla	45	69	6,0	1,09	585.175
370	Keisaraskurður með aukakvillum	41	31	6,0	1,15	650.931
115B	Ígræðsla eða skipti á varanlegum hjartagangráði	38	74	3,3	1,14	429.065

DRG heiti	Geðrænir flokkar og fíknimeðferð	Fjöldi	Meðalaldur	Meðalfjöldi legudaga	Bráðleiki ²⁾	Verð skv. verðskrá ³⁾
426C	Aðrar raskanir á hugarástandi, yngri en 60 ára	115	33	13,5	1,09	689.248
436B	Áfengis- og/eða vímuefnamisnotkun, án aukakvilla	89	41	14,4	1,01	475.425
427A	Kviðaraskanir	77	28	7,3	1,14	641.469
426A	Geðhvörf, yngri en 60 ára	58	41	33,3	1,17	758.315
428N	Persónuleikaraskanir	43	29	12,9	1,04	476.844
430B	Geðklofi, 30-59 ára	41	43	48,2	1,17	772.034
430A	Geðklofi, yngri en 30 ára	32	23	21,7	1,34	766.357
430D	Langvarandi geðrof án geðklofaeinkenna	31	43	47,8	1,15	827.855
431B	Taugageðraskanir	22	16	22,5	1,53	296.136
426B	Geðhvörf, eldri en 59 ára	17	69	45,7	1,06	1.072.427

¹⁾ DRG flokkunarkerfið er staðlað framleiðslumælikerfi, sem byggist á flokkun sjúklinga, eftir sjúkdómsgreiningum og veittri meðferð. Kerfið er notað víða um heim sem

upplýsinga- og/eða fjármögnunarkerfi í sjúkrahúspjónustu. Flokkar kerfisins eru alls 740, en fyrir utan 500 hefðbundna DRG flokka eru 240 flokkar fyrir stuttar legur á sjúkradeild og komur á dag- og göngudeildir. Kallast þeir flokkar DRG-O, en O stendur fyrir „outpatient“. Flokkarnir eru klínískt og kostnaðarlega einsleitir greiðsluflokkar.

²⁾ Bráðleiki er metin hjúkrunarþyngd sjúklings í sjúkralegu og endurspeglar hlutfallslega þörf sjúklings fyrir hjúkrun.

³⁾ DRG verð er samkvæmt DRG verðskrá LSH fyrir 2007 (Íkr.). Verð DRG flokka byggist á hlutfallslegri vigt hvers DRG flokks og DRG einingarverði hvers árs.

Í DRG einingarverði er sá kostnaður sem tengist beint meðferðum sjúklinga á LSH. Einingarverðið nær ekki til stofn- og viðhaldskostnaðar, S-merktra lyfja á dag- og göngudeildum og kennslu- og vísindakostnaðar.

Algengustu DRG - O ¹⁾ flokkar, stuttar legur (< 24 klst), á legudeildum LSH janúar - mars 2008

(Gögn úr legudeildarkerfinu Legu og upplýsingakerfinu Framtaki)

DRG-O heiti	Vefrænir flokkar	Fjöldi	Meðalaldur	Meðalfjöldi leguklst.	Bráðleiki ²⁾	Verð skv. verðskrá ³⁾
999O Stutt meðferð án sjúkdómsgreiningar		326	40	8,3	1,04	10.407
381O Fósturlát, stutt meðferð		248	27	6,5	1,10	48.725
125O Blóðrásarraskanir, nema brátt hjartadrep, með hjartalegg án flókinna greiningar, stutt meðferð		93	65	10,0	1,39	153.745
373O Fæðing um leggöng, stutt meðferð		67	32	13,3	1,11	69.067
905O Sjúkdómar eða raskanir í blóðrásarkerfi, án verulegra aðgerða, stutt meðferð		59	55	5,2	1,17	48.252
364O Legháls víkkæður og skafinn og skorinn fleygur úr honum, vegna sjúkleika sem ekki er illkynja, stutt meðferð		55	36	7,0	1,06	59.133
915O Nýburi og fyrirburi með sjúkdóma sem eiga upptök sín á burðarmálmstíma, án verulegra aðgerða, stutt meðferð		46	0	4,3	1,00	17.030
060O Skurðaðgerðir á kverkeiðum eða kokeiðum, stutt meðferð		30	7	8,4	1,00	102.654
914O Þungun, fæðing og sængurlega, án verulegra aðgerða, stutt meðferð		29	29	6,9	1,16	9.461
904O Sjúkdómar eða raskanir í öndunarfarakerfi, án verulegra aðgerða, stutt meðferð		19	53	7,4	1,09	36.426
359O Aðgerðir á legi og viðhengjum legs vegna illkynja sjúkdóma, sem upprunnir eru utan þeirra, stutt meðferð		15	41	10,9	1,10	116.846
909O Sjúkdómar eða raskanir á húð eða húðvef, án verulegra aðgerða, stutt meðferð		14	39	6,0	1,00	17.976
718O Holspeglun neðri hluta þvagsvega, stutt meðferð		12	60	6,0	0,97	89.408
360O Aðgerðir á leggöngum, leghálsi og sköpum, stutt meðferð		11	44	7,1	1,02	79.947
041O Aðgerðir utan auga, nema augntótt, stutt meðferð		10	43	9,0	0,94	221.392

(Gögn úr legudeildarkerfinu Legu og upplýsingakerfinu Framtaki)

DRG-O heiti	Geðrænir flokkar og fíknimeðferð	Fjöldi	Meðalaldur	Meðalfjöldi leguklst.	Bráðleiki ²⁾	Verð skv. verðskrá ³⁾
